

# Fundargerð

## Fimmti fundur samstarfshóps vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

haldinn í gegnum Teams þann 3. júní, 2022 kl. 10:00-12:00

### Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda  
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun  
Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar  
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun  
Borgný Katrínardóttir, fulltrúi frá Náttúrufræðistofnun Íslands

### Markmið fundar/Dagskrá

1. Fara yfir spurningar til fuglafræðings um ólíka þætti sem tengjast stjórnunar- og verndaráætlun.
2. Fara yfir það sem eftir stendur til umræðu í stjórnunar- og verndaráætlun.
3. Næstu skref.

### 1.

#### a) 12. gr. friðlýsingarskilmála

Rætt var sérstaklega um 12. gr. friðlýsingarskilmála þar sem meðal annars kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt að takmarka eggjatöku ákveðinna tegunda sé sýnt fram á að fækkað hafi í stofni og að hann eigi undir högg að sækja. Rætt var á hvaða forsendum þetta yrði nýtt og hvernig Náttúrufræðistofnun Íslands myndi meta þetta.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að þetta væri væntanlega mikið matsatriði og að í raun væru hefðbundnar nytjar sjálfbærar í eðli sínu. Það getur auðvitað gerst undir mjög sérstökum kringumstæðum að eitthvað breytist.

Umræður um hvort þetta gæti tengst vöktunarhlutverki Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Samstarfshópur sammála um að það þarf að setja texta inn í stjórnunar- og verndaráætlun sem útskýrir á hvaða forsendum þetta yrði notað svo skýrleiki sé til staðar.

Landnýting af þessu tagi þekkist ekki í Evrópu þar sem óleyfilegt er að taka egg frá fugli og það kemur fyrir að erlendu ferðafólki á Látrabjargi bregði við, því er ástæða til að ávarpa eggjanyttjar í stjórnunar- og verndaráætlun og mögulega í kynningarefni um friðlandið. Eggjanyttjar eru sjálfbærar á þann hátt að egg eru tekin á tíma þar sem nær öruggt er að það komi egg á sylluna aftur og aldrei er hreinsað undan fugli oftar en einu sinni á sama svæði hvert vor.

Umræður um mikilvægi þess að það sé gagnsæi í þeim ákvörðunum sem eru teknar og að þær byggi á vísindalegum grunni.

Niðurstaða - Ní setur fram tillögu að texta sem útskýrir undir hvaða kringumstæðum 12. greinin yrði virkjuð.

## Stjórnunar- og verndaráætlanir

### b) Vöktun á svæðinu

Samkvæmt Ní þá eru tvær myndavélar frá Náttúrustofu norðausturlands í Látrabjargi til vöktunar á varpárangri nokkurra tegunda og telst vöktunin á svæðinu vera komin í góðan farveg. Það hafa verið stórar fuglatalningar á helstu björgum landsins, á sirka 20 ára fresti en stefnt er á að auka tíðnina fuglatalninga í stóru björgunum..

Umræður voru um að það væri jákvætt ef vísindamenn myndu slást í för með heimamönnum í eggjanyttjum og þannig yrði deilt fróðleik um bjargið og fuglana.

Þá var talað um að það væri jákvætt ef tölum um eggjatöku yrði skilað inn, það myndi gefa Ní upplýsingar um stofnana. Samkvæmt landeigendum þá er þetta allt skráð og þessar upplýsingar því til.

### c) Fjölgun á öðrum afránstegundum

Umræður um hvort það megi auka veiðar á tegundum eins og hrafni, sílamáf og hvítmáf þar sem þessar tegundir eru afræningjar á bjargfuglum. Samkvæmt Ní þá eru allir máfar komnir á válista og er samspil þessara tegunda hluti af vistkerfi svæðisins.

### d) Framsala á nytjarétt

Spurt var hvort það hafi tíðkast að framselja hefðbundinn nytjarétt, skv. landeigendum þá hefur það ekki tíðkast. Í Bæjarbjargi eru nytjar á vegum björungarsveitarinnar Blakks en ríkiseignir hafa veitt sveitinni heimild til eggjatöku þar. Tilgangurinn er m.a. sá að viðhalda verkþekkingu björgunarsveitar við bjargsig og björgunarsveitin hefur selt egg í litlum mæli til styrktar sveitinni. Þeim ber að skila inn fjöldataölum en þær eru mjög lágar.

## 2.

### a) Innviðir og mannvirki – salernishús og aðstaða landvarða

Skilningur Umhverfisstofnunar hefur verið sá að ekki sé vilji til þess af hálfu landeigenda að settir verði neinir innviðir á Bjargtanga, að öðru leyti en því að lagfæra innviði sem eru fyrir, eins og bílastæði og gönguleiðir. Í ljósi athugasemda sem borist hafa frá einhverjum landeigenda er spurt hvort einhver stefnubreyting sé varðandi þetta?

Það er vilji til þess hjá Umhverfisstofnun að kalla eftir fjármagni til úrbóta í innviðum ef raunin er að landeigendur óski eftir því. Umræður voru um að það séu fleiri en einn möguleiki fyrir salerni þar sem erfitt er að koma vatni að svæðinu. Koma mætti fyrir þurrsalerni við bílastæði og ef þau eru vel hirt og snyrtileg þá eru þau ekki verri en vatnslósett. Eins voru umræður um landvörð og aðstöðu fyrir hann, eins og staðan er núna þá er ekki góð aðstaða fyrir landverði og væri mjög jákvætt ef það væru skoðaðir möguleikar fyrir framtíðarlausn landvarða á svæðinu.

Niðurstaða að landeigendur taka þetta fyrir stjórnina.

## 3. Næstu skref:

- 1) Þórdís sendir uppfærða áætlun á hópinn
- 2) Edda og Þórdís klára að senda Samgöngustofu formlegt erindi vegna takmörkunar á flugi
- 3) Jón og Aðalheiður taka samtalið við aðra landeigendur um afstöðu þeirra varðandi salerni á Bjargtöngum og framtíðarlausn á húsnæðisvanda landavarða.
- 4) Haldið verður áfram með kortagerð
- 5) Jón sendir texta um sjálfbærar eggjanyttjar sem verður sendur áfram á Ní sem tekur boltann og útskýrir með hvaða hætti það myndi gerast ef eggjanyttjar væru takmarkaðar.